

Sund 2. bekkur

Meginmarkmið sundkennslunnar í 2. bekk er að aðlaga börnin að vatninu með leikjum og æfingum í leik. Einnig er farið í grunnþætti sundaðferða. Mikilvægt er að börnin hljóti jákvæða upplifun af hreyfingu í vatni svo að þau verði örugg og betur í stakk búin fyrir framhald sundkennslunnar á eldri stigum. Nemendur skulu ávallt mæta með viðeigandi sundfatnað. Stúlkur í sundbolum og strákar í sundskýlum eða stuttum sundbuxum (mega ekki ná niður fyrir hné).

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- marglyttuflot með því að rétta úr sér,
- 10 m bringusund með eða án hjálpartækja,
- 10 m skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja,
- spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi, að lágmarki 2,5m,
- hoppa af bakka í laug.

Kennsluhættir

- Sundkennsla fer fram í Sundlaug Grindavíkur,
- Kennt er einu sinni í viku, 40 mínútna tímar,
- Sundkennsla fer fram með og án áhalda,
- Sundkennsla fer fram í formi leikja, sýnikennslu, stýrikennslu, tækniæfinga, sundþjálfunar (endurtekning) og frjálsum leik,
- Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni,
- Leggja áherslu á að nemendur fylgi eftir reglum sundstaða.

Námsmat

Námsmat í 2. bekk fer fram í formi samræmdra sundprófa þar sem nemendur þurfa að geta sýnt fram á kunnáttu í þeim þáttum sem eiga við á hverju sundstigi fyrir sig. Gefnar eru einkunnir á hverju stigi. **P ef barnið þarfnast frekari þjálfunar** og **G ef barnið getur vel** fyrir settu marki náð og fyrir þarfnast frekari þjálfunar.